



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), þskj. 232, 229. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan efni þess og tekur undir það er segir í greinargerð með frumvarpinu að æskilegt sé að dómara hafi frakari úrræði til að auka möguleika á að leiða unga brotamenn inn á brautir löghlýðni áður en gripið er til hugsanlegrar fangelsisrefsingar þegar mat dómara er að hefðbundinn skilorðsdómur dugi ekki til. Í stað þess að dæma ungmenni til fangelsisrefsingar yrði þeim því gert að sinna samfélagsþjónustu.

MRSÍ vísar til 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 en þar segir að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Í 40. gr. Barnasáttmálans segir og að viðbrögð við afbrotum barna eigi að miða að því að styrkja sjálfsmynd þeirra og hafa uppbyggileg áhrif. Ef rétt er að staðið ætti samfélagsþjónusta að gefa börnum sem brotið hafa af sér tækifæri til að taka ábyrgð á gjörðum sínum á uppbyggilegan hátt og vera til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og hegðun.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri